

b. skal sóttvarnarnefnd sjá um, að fjarlæggt sé og komið fyrir á tryggilegan hátt: vatn, matvæli (nema í farmi), saur og þvag manna, skólp, þar með talið kjölvatn, og allt það, er telja má til úrgangs eða ætla má sóttmengað; enn fremur, að vatnsgeymar séu sótthreinsaðir sem og matar- og drykkjaráhöld og ílát.

Þegar ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar b-liðs þessarar greinar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt, skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

14. gr.

Ef kóleru hefur orðið vart í skipi eða flugfari á leið til lands, er sóttvarnarnefnd heimilt að láta fara fram bakteríurannsókn á matvöru í þeim hluta farms aðeins, sem kemur til affermingar hér á landi.

15. gr.

Heimilt er að láta mann, er kemur til landsins frá sýktu svæði innan skemmri tíma en nemur fullum 5 dögum, undirgangast rannsókn á saur, en sýni úr endabarni verður ekki tekið án samþykkis hans.

2. gr.

23. grein reglugerðarinnar verði 16. grein eftir breytinguna og númeraröð annarra greina breytilist til samræmis við það.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í sóttvarnalögum nr. 34/1954, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um
vöruhappdrætti Sambands Íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 70 000 — sjöttíu þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—70 000, og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrést. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 17 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 151 200 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 3 600.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 300.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

4. gr.

1. málsgr. 10. gr. orðist svo:

Áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 70 000 miða, sem merktir eru tölunum 1—70 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 22 10. apríl 1974 öðlast gildi 1. janúar 1975.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 260 21. ágúst 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. september 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 292.

26. september 1974.

AUGLÝSING

um útgáfu Lyfjaverðskrár II.

Frá og með 1. október tekur gildi ný Lyfjaverðskrá II. Jafnframt falla úr gildi áður gildandi verðlagsákvæði, samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972, ásamt síðar birtum viðaukum og breytingum.

Enn fremur falla úr gildi önnur ákvæði um verðlagningu og greiðslutilhögun almannatrygginga á sérlyfjum, er fara í bága við ákvæði hinnar nýju verðskrár.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingiðmarsson.

Nr. 293.

20. september 1974.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Sauðárkróks, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki: